



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

LEÐU1SX02

Leðurvinna

Kennari:	Svanur Ingvarsson	Sk.st.	SI
-----------------	--------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Nemendur vinna litla nytjahluti úr leðri s.s. buddur, bókamerki o.þ.h. Í stuttu máli fer vinnan þannig fram að leðrið er skorið eða klippt í rétta stærð. Síðan er stimplað munstur og eða texti (nafn) í leðrið. Að því loknu eru kantarnir límdir og saumaðir saman, allt eftir því hvaða grip er verið að gera.

Undanfari: Enginn

Varðandi þekkingu, leikni og hæfni er markmiðið að:

- kynnast leðri sem efni til að vinna með
- kynnast helstu handverkfærum sem notuð eru til leðurvinnu
- fá tilfningu fyrir því hvað gera má úr leðri
- þjálfa handverk
- þjálfa skapandi hugsun
- hafa gaman saman

Námsefni:

Leður, leðurvinnuverkfæri

Sýnishorn, bækur, myndir og netið

Efnisgjald: kr. 5000,-

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Byrjað verður á bókamerki til að kynnast bæði leðrinu og verkfærunum. Að því loknu er gerð lítil budda/veski og bókarkápa. Ef tími vinnst til má gera valverkefni. Verkefnaskil fara eftir hraða hvers og eins og hönnun hlutarins sem verið er að vinna.

Fyrirkomulag námsmats:

Verkefnin eru dæmd jafnóðum sem og hegðun.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Bókamerki	Vinnubrögð og hönnun	20%
Budda/veski	Vinnubrögð og hönnun	30%
Bókarkápa	Vinnubrögð og hönnun	30%
Hegðun	Vinnusemi, samvinna, áhugi og umgengni	20%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

FSu 15. ágúst 2023

Svanur Ingvarsson